

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2012

2012/EES/56/19

frá 15. júní 2012

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðila þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 940/2011/ESB frá 14. september 2011 um Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna (2012) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2012.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 5. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Ákvæði 5. mgr. hljóði svo:

„5. EFTA-ríkin skulu taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum Bandalagsins, sem um getur í fyrstu tveimur undirliðum 8. mgr. frá og með 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í þriðja undirlið frá og með 1. janúar 2000, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá og með 1. janúar 2001, í áætluninum sem um getur í fimmta og sjötta undirlið frá og með 1. janúar 2002, í áætluninum sem um getur í sjöunda og áttunda undirlið frá og með 1. janúar 2004, í áætluninum sem um getur í níunda, tíunda og ellefta undirlið frá og með 1. janúar 2007, í áætluninni sem um getur í tólfta undirlið frá og með 1. janúar 2009 og í áætluninni sem um getur í þrettánda undirlið frá og með 1. janúar 2012.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr.:

„– **32011 D 0940**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 940/2011/ESB frá 14. september 2011 um Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna (2012) (Stjtið. ESB L 246, 23.9.2011, bls. 5).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2012.

(1) Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 45.

(2) Stjtið. ESB L 246, 23.9.2011, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.